

LÍS

Landssamtök íslenskra stúdenta

The National Union of Icelandic Students

Established 2013



Reykjavík, 27. nóvember 2020

**Umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um háskóla,
nr. 63/2006 og lögum um opinbera háskóla, nr. 85/2008**

Ánægjulegt er að sjá frumvarp þar sem ætlunin er að jafna aðgengi nemenda að háskólastiginu með því að breyta aðgangskröfunum á þá leið að nemendur sem hafa lokið námi á þriðja þrepi geta hafið nám til fyrstu gráðu á háskólastigi. Þó ber að varast, verði frumvarpið að lögum, að um raunverulega aukningu á aðgengi sé að ræða en einnig að breytingunni fylgi aukið fjármagn og stuðning við hópinn sem á í hlut.

Aukið aðgengi

Þessi breyting hefur möguleika til þess að auka félagslega vídd innan háskólasamfélagsins, þ.e. að auka fjölbreytni meðal stúdenta. Í fyrirhugaðri menntastefnu til 2030 er lögð áhersla á *sköpun og gagnrýna hugsun*, hæfni sem list-, tækni- og starfsnám getur þjálfað ekki síður en bóklegt nám. Það er einnig beinlínis lögð áhersla á *starfs-, iðn-, tækni-, list- og verknám*. Meta skal verklegt nám sem ekki síður samfélagslega mikilvægt en bóklegt nám og eru það framför að gráða á framhaldskólastigi, sama hvort það sé af bóklegri eða verklegri námsbraut, veiti fólki aðgang að áframhaldandi menntun. Breytingin gæti gert verk- og tækninám að aðlaðandi kost sem lokar ekki á möguleikann á háskólanámi síðar meir. Breytingin gæti einnig dregið úr brottfalli úr námi auk þess að gera nemendum sem eiga undir högg að sækja betri möguleika á að sækja sér nám við hæfi.

Raunhæf aðgangsviðmið og leiðir til þess að uppfylla inntökuskilyrði

Setja verður skorður á því hvers konar aðgangskröfur einstaka námsleiðir geti sett þannig að nemendur sem útskrifast af þriðja hæfniprepi en ekki með stúdentspróf hafi raunhæfan möguleika til þess að uppfylla aðgangsviðmið. Búa verður til úrræði, háskólabrýr eða undirbúningsnámskeið, til þess að gefa fólki raunverulegt tækifæri til þess að öðlast þá færni sem krafist er í aðgangsviðmiðum. Það verður að vera skýrt hvort það sé á ábyrgð háskólanna, framhaldsskólanna eða þriðja aðila að útvega undirbúningsnámskeið. Undirbúningsnámskeið skulu vera nemendum að kostnaðarlausu, aðgengileg og vel fjármögnuð en einnig þarf að huga að gæðum námskeiðanna.

Aukinn stuðningur við nemendur

Verði frumvarpið að lögum öðlast stór hópur fólks aðgang að háskólanámi sem útskrifaðist úr verk- eða tækninámi á þriðja þrepi fyrir einhverju síðan. Huga verður að stuðningi við háskólana til að geta tekið á móti þessum nýja hóp sem og þeim sem koma beint úr framhaldsskóla. Felur það í sér aukið fjármagn til háskólastigsins en einnig aðlögun að þörfum þessa hóps, t.a.m. með eflingu náms- og starfsráðgjafar bæði á framhaldsskóla- og háskólastigi. Einnig er þörf á aukinni grunnframfærslu og hækkun frítekjumarks í úthlutunarreglum Menntasjóðs námsmanna. LÍS hefur ítrekað bent á að hár meðalaldur og hátt hlutfall foreldra meðal stúdenta þýði að framfærsluþörf stúdenta á Íslandi er hærri en almennt í Evrópu. Þó er grunnframfærsla námslána það lág, miðað við dæmigert neysluviðmið, lágmarkslaun og almennt leiguverð, að hún er stúdentum ekki bjóðandi óháð aldri og aðstæðum.